



## ÚTGÁFULÝSING

### ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

#### 1. kafli

##### *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*  
Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, Háaleitisbraut 11, Reykjavík. Heimild til útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 1.700.000.000 kr. var veitt á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga hinn 3. maí 2004.
- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*  
Þórður Skúlason, kt. 270743-3749, framkvæmdastjóri.
- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*  
Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga. Hlutverk sjóðsins skv. 2. gr. laganna er m.a. að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra, annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 35/1966 er stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga heimilt að afla sjóðnum lánsfjár með útgáfu skuldabréfa fyrir hönd sjóðsins. Stjórninni er þó ekki heimilt að gefa út og selja skuldabréf og aðrar endurgreiðanlegar skuldaviðurkenningar til almennings.

*p.s.*

## 2. kafli

### *Upplýsingar um útgáfuna:*

2.1 *Hvaða reikningsstofnun annist greiðslur fyrir útgefanda, ef útgefandi er ekki sjálfur reikningsstofnun.*

Útgefandi tilkynnir til Verðbréfaskráningar þegar fyrir liggur hvort reikningsstofnun annist greiðslur afborgana og vaxta af skuldabréfunum.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

<b>Auðkenni:</b>	LSS 04 1
<b>Tegund bréfs:</b>	Jafnar afborganir
<b>ISIN:</b>	IS 0000009256
<b>Heildarheimild samkv. samningi:</b>	1.700.000.000 kr.
<b>Útgefið nú:</b>	1.700.000.000 kr.
<b>Nafnverðseiningar:</b>	10.000.000 kr.
<b>Útgáfudagur:</b>	11. maí 2004
<b>Gjalddagi afborgunar/lokagjalddagi:</b>	1. september ár hvert, í fyrsta sinn 1. september 2005 og með lokagjalddaga 1. september 2019.
<b>Verðtrygging:</b>	Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í maí 2004, sem er 232,0 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan er deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem er í það sinn.
<b>Nafnvextir:</b>	Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 4,08% fastir ársvextir, sem reiknast frá 11. maí 2004. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir án þess að vextirnir séu greiddir skulu þeir lagðir við höfuðstól og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð.
<b>Fyrsti vaxtadagur:</b>	11. maí 2004
<b>Fyrsti gjalddagi vaxta:</b>	1. september 2005
<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
<b>Vanskil:</b>	Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelltri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

*p.s.*

<b>Framsal:</b>	Skuldabréfið skal við eigendaskipti framselt til nafngreinds aðila.
<b>Stimpilgjald:</b>	Skuldabréfin eru er undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga
<b>Ágreiningsmál:</b>	Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.
<b>Heimild:</b>	Heildarheimild útgáfunnar er 1.700 m.kr. Flokkurinn er opinn til stækkunar og getur stjórn útgefanda því veitt frekari heimild til stækkunar flokksins umfram núverandi heimild frá 3. maí 2003.

2.3 *Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*  
Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.4 *Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Samkvæmt nógildandi skattalögum teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

2.5 *Tilgreint sé hvernig eigi að ráðstafa hlutaðeigandi fjárhæð.*

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa til að afla sjóðnum lánsfjár, sbr. 6. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga.

2.6 *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

### 3. kafli

#### ***Upplýsingar um þá sem ábyrgjast útgáfulýsingu og endurskoðun ársreikninga:***

3.1 *Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á útgáfulýsingu.*

Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979  
Þórður Skúlason, kt. 270743-3749, framkvæmdastjóri

3.2 *Nöfn og kennitölur löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Endurskoðun Sveins Sæmundssonar ehf. kt. 531201-3020  
Sveinn Sæmundsson, kt. 221139-3729

*p.s.*

## 4. kafli

### **Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:**

4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*

Vísað er til laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga

4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna*

Sjá meðfylgjandi fundargerð og lög nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga..

4.3 *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*

Sjóðurinn er undanþeginn stimpilgjöldum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 35/1966.

4.4 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*

Íslandsbanki hf. er frumsöluaðili.

4.5 *Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*

4.6 *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.*

Reykjavík, *5. maí 2004.*

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

*Þórunn Shúlarson*

F.h. Íslandsbanka hf.

*Þórunn Shúlarson*